

**58. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 25 ágúst 2017 kl. 11:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.**

**Mætt:** Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Sigrún Árnadóttir, Ásgeir Eiríksson, Magnús Stefánsson, Gunnar H. Garðarsson, Marta Jónsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Guðmundur Pétursson, Þuríður Aradóttir, Eggert Sólberg Jónsson, Berglind Kristinsdóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi var Sigrún Elefsen.

#### **Dagskrá:**

1. *Innviðagreining – drög til yfirlstrar.*
2. *Mælaborðið – uppfært. (BK)*
3. *Samstarf við Íslandsstofu. (BK)*
4. *Árangursmælikvarðar – fjármál MR.*
5. *DMP og Kjarnaveituverkefnið – staða. (PHAB).*
6. *Dreifing á kynningarefni MR. (PHAB)*
7. *Fjölgun í gistinátta á Reykjanesi. (PHAB)*
8. *Reykjanes á samfélagsmiðlum. Árangur á árinu. (GHG).*
9. *Atvinnuleysistöður.*
10. *Önnur mál.*

#### **1. Mál Innviðagreining**

Önnur drög að innviðagreiningu Heklunnar lögð fram. Skoðuð verður útfærsla á rafrænni útgáfu þar sem um er að ræða lifandi plagg. Gert er ráð fyrir að kynna innviðagreininguna á aðalfundi SSS 29. og 30. september.

#### **2. Mál verkefnastaða Heklunnar**

Berglind kynnti mælaborðið fyrir verkefni Heklunnar.

#### **3. Mál Samstarf við Íslandsstofu**

Fjárfestingastofa Íslandsstofu hefur áhuga á að auka samstarf við atvinnuþróunarfélög og óska eftir samstarfi um upplýsingum um fjárfestingartækifæri á Suðurnesjum.

Vinnustofa verður haldin með atvinnuþróunarfélögum 7. september. Áhersla lögð á að kynna verkefnið vel fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu.

#### **4. Mál Árangursmælikvarðar - MR**

Þuríður kynnti árangursmælikvarða Markaðsstofu Reykjanes.

Töluverðar breytingar eru á áætlum stofunnar vegna nýrra samninga v/kjarnaveituverkefnis eða stoðkerfis upplýsingaveitu og áfangastaðaáætlunar. Þá var gerður samningur við ferðamálastofu um tímabundna ráðningu starfsmanns vegna aukinna verkefna. Þessir styrkir

eru einungis fyrir árið 2017 og ekki hefur fengist staðfesting á framhaldi.

**5. Mál DMP og kjarnaveituverkefnið**

Unnið er að áfangaskýrslu og hagaðilagreiningu og aflað hefur verið tölulegra gagna um allt landið sem mun nýtast við vinnuna. Í haust verða settir upp vinnuhópar til að vinna verkefnið nánar.

**6. Mál Dreifing á kynningarefni MR**

Markaðsstofan gefur út landshlutabækling og kort og aðilar í ferðaþjónustu eru hvattir til þess að nálgast það eða því komið til þeirra. Endurskoða þarf dreifinguna og verður farið yfir þau mál með dreifingaraðila. Verið er að skoða landshlutabæklingana hjá öllum markaðsstofum og hvort það fyrirkomulag verður áfram en hann er stór hluti af útgjöldum MR. Framsetning hótela á markaðsefni á Reykjanesi rædd.

**7. Mál Fjölgun gistinátta á Reykjanesi**

Hlutfallslega er fjölgun gistinátta mest á Reykjanesi og nýting góð. Gistinætur á Suðurnesjum í júní 2017 voru 25.800 sem er 55% aukning frá fyrra ári.

**8. Mál Reykjanes í samfélagsmiðlum**

Gunnar Hörður Garðarsson verkefnastjóri Hjá MR sagði frá þeim árangri sem náðst hefur í kynningu á Reykjanesi í samfélagsmiðlum.

**9. Mál Atvinnuleysistölur**

Heildarfjöldi atvinnulausra á Suðurnesjum 21. ágúst 2017 er 266 en voru 361 í maí 2017. Fjöldinn skiptist þannig eftir sveitarfélögum: Reykjanesbær 115, Sandgerði 24, Garður 11, Vogar 23, Grindavík 29. Suðurnes eru yfir meðaltali atvinnuleysis á landinu sem þarf að skoða m.t.t. þess að eftirspurn eftir vinnuafli er mikið á svæðinu.

*Fleira ekki gert og fundi slitið.*